

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 72 frá 28. maí 1999, um skiptingu starfa ráðherra, að Tómas Ingi Olrich fer með ráðherrastörf þau sem Birni Bjarnasyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer hann með menntamálaráðuneytið.

*Forsætisráðuneytinu, 2. mars 2002.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*